

Annar fundur Leiðtogaráðs LUF

3. september 2020, Hitt Húsið, Rafstöðvarvegi 7, 110 Reykjavík, kl. 17:30

Mættir eru: AUS: Guðmundur Sigurður Stefánsson, Hugrún: Kristín Rós Sigurðardóttir, JCI: Guðlaug Birna Björnsdóttir, SÍF: Jóhanna Steina Matthíasdóttir mætir á fundinn, SUF: Magnea Gná Jóhannsdóttir, UAK: Kristjana Björk Barðdal, Ungheill: Klara Dröfn Tómasdóttir, Unghugar: Þórður Páll Jónínuson, Ungir fjárfestar: Arnaldur Þór Guðmundsson, Ungmennaráð UNICEF: Jökull Ingi Þorvaldsson, Ungmennaráð þroskahjálpar: Sunna Dögg Ágústsdóttir, UU: Egill Ö. Hermannsson og Uppreisn: Emilía Björt Írisardóttir.

Fulltrúar stjórnar: Forseti leiðtogaráðs: Geir Finnsson (GF), Lýðræðisfulltrúi: Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og frá skrifstofu eru framkvæmdarstjóri: Tinna Isebarn (TI,) og verkefnastjóri: Heiða Vigdís Sigfúsdóttir.

Fundarstjóri: Geir Finnsson, forseti leiðtogaráðs.

Fundur settur 17:35

- 1. Ávarp fundarstjóra:** GF fer yfir sóttvarnareglur á fundarstað. Fundargestir eru beðnir um að gæta fyllsta hreinlætis og virða tveggja metra regluna á fundinum. Þá eru fundargestir beðnir um að dvelja aðeins í fundarrými hússins og nota einungis merkt gestasalerni á 1. hæð hússins.
- 2. Afhending aðildarviðurkenninga til nýrra áheyrnarfélaga:** GF tilkynnir að nýlega hafi stjórn samþykkt þrjár umsóknir nýrra aðildarfélaga sem hefur verið veitt áheyrnaraðild. GF býður fulltrúa nýrra félaga sérstaklega velkomna á sinn fyrsta fund. viðurkenningarskjala.
 - 2.1.** Unghugar - Hugarafli: Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 22. júlí. En tilgangur félagsins er að vinna fyrir ungt fólk sem hefur persónulega reynslu af andlegum áskorunum. Markmið Unghuga eru m.a. að hafa jákvæð áhrif á íslensk geðheilbrigðiskerfi, uppræta fordóma, efla fyrirmyndir, huga að bata og valdeflingu ungs fólks í sjálfsvinnu. GF býður Þórði Páli Jónínusyni, formanni Unghuga upp í pontu til að taka við aðildarviðurkenningu.
 - 2.2.** Ungheill - Ungmennaráð Barnaheilla: Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 18. ágúst. Ráðið er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára og er hlutverk þess að hvetja ungt fólk til þátttöku, hafa áhrif á sitt samfélag og berjast fyrir mannréttindum barna. GF býður Klöru Dröfn Tómasdóttur, formanni ráðsins upp í pontu til að taka við aðildarviðurkenningu.
 - 2.3.** Ungir Fjárfestar: Sóttu um fulla aðild. Stjórn samþykkti að veita félaginu áheyrnaraðild með lófaklappi 18. ágúst. En umsókn um fulla aðild krefst

staðfestingu sambandsþings. Markmið félagsins er að skapa vettvang fyrir faglega umræðu og tengsl milli félagsmanna sem og að vekja áhuga félagsmanna og ungs fólks á fjármálum, fjárfestingum, sparnaði og verðbréfamarkaði. GF býður Arnaldi Þóri Guðmundssyni upp í pontu til að taka við aðildarviðurkenningu.

Leiðtogaráð LUF býður fulltrúa nýrra aðildarfélaga velkomna með lófaklappi.

Fulltrúi SÍF: Jóhanna Steina Matthíasdóttir mætir á fundinn.

- 3. Drög að dagskrá 2. fundar leiðtogaráðs:** GF kynnir drög að dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. samþykktum LUF.

Til umræðu og samþykktar: engar athugasemdir bárust og er hún samþykkt einróma.

Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi: GF kynnir tillöguna:

- **Verði einn í framboði:** er frambjóðandinn sjálfkjörinn með lófaklappi.
- **Verði færri en fjórir í framboði:** Verður kosið leynilega í einni umferð. Sá sigrar sem hlýtur flest atkvæði og sá sem fær næst flest atkvæði verður varafulltrúi. Verði jafntefli á milli frambjóðenda verður kosið á milli þeirra. Verði jafntefli á milli tveggja frambjóðenda, þegar einungis tveir eru í framboði gildir atkvæði oddvita leiðtogaráðs tvöfalt.
- **Verði fleiri en fjórir í framboði:** Verður kosið leynilega í tveim umferðum og að einvígi verði á milli þeirra tveggja sem hljóta flest atkvæði. Sá sem sigrar 2. umferð hlýtur kjör sem Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði barna og ungmenna, sá sem tapar verður varafulltrúi. Verði jafntefli í fyrstu umferð á milli fleiri en tveggja, verður kosið milli þeirra.

Til umræðu og samþykktar: GF opnar fyrir umræðu, engar athugasemdir bárust og er tillagan þá samþykkt einróma.

- 4. Kosning kjörbréfanefndar:** GF tilkynnir að stjórn leggi til að starfsmenn félagsins ásamt einum óháðum fulltrúa leiðtogaráðs frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði á fundinum.

*Kosning:*GF opnar fyrir framboð og gefur fulltrúi SÍF kost á sér. Hljóta þá TI, HVS og fulltrúi SÍF kjör til seti í kjörbréfanefnd með öllum greiddum atkvæðum.

- 5. Framboð til [Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði barna og ungmenna](#):** GF tilkynnir að framboðsfrestur sé nú runninn út. GF upplýsir ráðið um að um sé að ræða kosningu í fyrsta sinn í embættið á Íslandi og að kjörinn fulltrúi muni m.a. sækja „ECOSOC Youth Forum“ í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. GF tilkynnir þrjá frambjóðendur hafi gefið kost á sér og að þeir verði kallaðir upp til að fara með framboðsræður sínar eftir stafrófsröð:

5.1. Ungmennaráð UNICEF: [Jökull Ingi Þorvaldsson](#)

5.2. Ungheill - Ungmennaráð Barnaheilla: [Klara Dröfn Tómasdóttir](#)

5.3. Samband ungra framsóknarmanna (SUF): [Magnea Gná Jóhannsdóttir](#)

Leynileg kosning: GF þakkar frambjóðendum fyrir ræður sínar og útskýrir að fulltrúar félaga með fulla aðild kjósi nú leynilega. Að lokinni talningu er TI formanni kjörbréfanefndar boðið að kynna úrslit kosninga í pontu. TI tilkynnir að Jökull Ingi

hafi sigrað með meirhluta atkvæða og að Magnea Gná hafi fengið næst flest atkvæði og verður því varamaður Jökuls.

6. **Framboð til setu í [stjórn Leiðtogaskólans](#):** GF tilkynnir að framboðsfrestur sé runninn út og að eitt framboð liggi fyrir. GF býður fulltrúa UAK upp í pontu til að fara með framboðsræðu sína:

6.1. Ungar athafnakonur (UAK): Kristjana Björk Barðdal gerir grein fyrir framboði sínu.

Kosning: Kristjana hlýtur kjör með lófaklappi.

7. **Drög að endurnýjaðri stefnu LUF fyrir sambandsþing 2021:** GF útskýrir að til stendur að ráðið muni leggja fram endurbætta stefnu LUF fyrir næsta sambandsþing sem fer fram fyrir lok febrúar 2021 og tekur hún því ekki gildi fyrr en þá. Gert er ráð fyrir því að orðalag muni taka breytingum og að ráðið muni hafa áhrif á drögin, í dag og hefur einnig nægan tíma til að leggja fram breytingar þegar lokadrög verða send út með ásamt þinggögnum. Í fjarveru forseta er HVS boðið upp í pontu til að kynna fyrstu drög að endurnýjaðri stefnu. Um er að ræða tillögur frá stjórn að betrubótum sem byggðar eru á stefnumótunarsvinnu 1. leiðtogaráðsfundar LUF og með tilliti til áherslna í starfi LUF:.

Tillögaga 1: Uppsetning	Tillaga lögð fram af: Stjórn
Núgildandi	Ný drög
<p>1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS</p> <p>1.1. Félagsleg samlögun</p> <p>1.2. Kynjajafnrétti</p> <p>2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS</p> <p>2.1. Lýðræðisþátttaka</p> <p>2.2. Valdefling og fræðsla</p> <p>2.3. Sjálfbær þróun</p> <p>4. SJÁLFSTÆÐI UNGS FÓLKS</p> <p>1.3. Heilsa og vellíðan</p> <p>1.4. Atvinnu- og menntamál</p> <p>1.5. Húsnæðismál</p> <p>4. STERK UNGMENNAFÉLÖG</p> <p>4.1. Jafnræði fjárúthlutana</p> <p>4.2. Ungmennastjórnir</p> <p>4.3. Samstarf hagsmunaaðila</p>	<p>1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS</p> <p>1.1. Félagsleg samlögun</p> <p>1.2. Jafnréttismál</p> <p>1.3. Heilsa og vellíðan</p> <p>1.4. Atvinnu- og menntamál</p> <p>1.5. Húsnæðismál</p> <p>2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS</p> <p>2.1. Lýðræðisþátttaka</p> <p>2.2. Stjórnmalapátttaka</p> <p>2.3. Valdefling og fræðsla</p> <p>2.4. Fjármálalæsi</p> <p>2.5. Ábyrgð fjölmiðla</p> <p>3. STERK UNGMENNAFÉLÖG</p> <p>3.1. Jafnræði fjárúthlutana</p> <p>3.2. Ungmennastjórnir</p> <p>3.3. Heildarmálsvari</p> <p>4. ALÞJÓÐAMÁL</p>

	<p>4.1. Sjálfbær þróun</p> <p>4.2. Þróunarsamvinna</p> <p>4.3. Evrópusamstarf</p>
<p>Útskýring: Tillagan er lögð til í því skyni að samræma stefnu við reglubundna starfsemi LUF sem og innleiða niðurstöður stefnumótunarvinnu leiðtoga ráðsins sem fram fór á 1. fundi ráðsins þann 2. júlí 2020. Nánari útlistun á hverjum kafla fyrir sig má sjá hér að neðan.</p>	

Tillaga 2: Réttindi ungs fólks	Tillaga lögð fram af: stjórn
Núgildandi	Ný drög
<p>1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS</p> <p>1.1. Félagsleg samlögun</p> <p>1.2. Kynjajafnrétti</p> <p>4. SJÁLFASTÆÐI UNGS FÓLKS</p> <p>1.3. Heilsa og vellíðan</p> <p>1.4. Atvinnu- og menntamál</p> <p>1.5. Húsnæðismál</p> <p>(sjá núgildandi stefnu)</p>	<p>1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS</p> <p>1.1. Félagsleg samlögun</p> <p>1.2. Jafnréttismál</p> <p>1.3. Heilsa og vellíðan</p> <p>1.4. Atvinnu- og menntamál</p> <p>1.5. Húsnæðismál</p>

Útskýring: Lagt er til að færa kaflann *Sjálfstæði ungs fólks* undir kaflann *Réttindi ungs fólks*, þ.m.t. undirkaflar. Innihald stefnunnar helst óbreytt efnislega en uppröðun verður önnur. Textinn sem áður heyrði undir *Sjálfstæði ungs fólks* fer undir réttindi ungs fólks og innihald kaflans *Réttindi ungs fólks* færast í kaflann *Félagsleg samlögun*. Rökin eru þau að sjálfstæði ungs fólks snýst í hnotskurn um að uppfylla lagaleg- félagsleg- og fjárhagsleg réttindi ungs fólks. Þótti því viðeigandi að færa efni kaflans. Í staðin færast textinn sem áður féll undir Réttindi ungs fólk undir kafla 1.1. Félagsleg samlögun.

Kynjajafnrétti -> Jafnréttismál

Breytingatillagan er lögð til í því skyni að jafnréttisstefna LUF nái yfir alla þá jaðar- og minnihlutahópa sem falla undir ungt fólk. Mikil nýliðun hefur verið í aðildarfélögum LUF og má þá sérstaklega nefna hagsmunasamtök sem berjast fyrir jafnrétti á mismunandi forsendum. Því telur stjórn mikilvægt að LUF sinni hlutverki sínu sem málsvari allra aðildarfélaganna og krefjist jafnréttis ungs fólks á öllum sviðum. Hér myndar LUF sérstöðu, með áherslu á jafnrétti ungs fólks og alla þá hópa sem rýmast þar undir. Samþykktir LUF kveða á um að LUF berjist fyrir sameiginlegum hagsmunamálum - sem regnhlíf og heildarmálsvari, veiti aðildarfélögunum ekki samkeppni í starfi og því er það ályktun stjórnar að LUF eigi ekki að skyggja á sérstöðu aðildarfélaganna þegar kemur að

málaflokkum. Fremur ætti LUF að styðja við baráttu aðildarfélaganna í þeim málum sem félögin leggja sérstaka áherslu á. Sem dæmi má nefna að LUF styðji við starf UAK í kynjajafnréttismálum, en tekur jafnréttisslaginn þegar það hallar á ungt fólk almennt.

Tillaga 3: Þátttaka ungs fólks	Tillaga lögð fram af: stjórn
Núgildandi	Ný drög
<p>2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS</p> <p>2.1. Lýðræðisþátttaka</p> <p>2.2. Valdefling og fræðsla</p> <p>2.3. Sjálfbær þróun</p> <p>(sjá núgildandi stefnu)</p>	<p>2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS</p> <p>2.1. Lýðræðisþátttaka</p> <p>2.2. Stjórnmalapátttaka</p> <p>2.3. Valdefling og fræðsla</p> <p>2.4. Fjármálalæsi</p> <p>2.5. Ábyrgð fjölmiðla</p>

Útskýring: Tillagan er gerð til að koma til móts við kröfur leiðtogaáðs í stefnumótunarvinnu. Þar kom fram áhersla á þátttöku ungs fólks í sveitarstjórnarmálum og aðkomu ungs fólks að ákvörðunum í sínu nærsamfélagi. Til að mæta þeirri kröfu hefur kaflanum *Stjórnmalapátttaka* verið bætt við.

Til að gæta samræmis hefur kaflinn *Sjálfbær þróun* verið færður undir nýjan yfirkafla *Alþjóðamál* í takt við áherslu á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðana (SB) um sjálfbæra þróun.

Nýtt: Fjármálalæsi

Í stefnumótun sem fram fór á 1. fundi leiðtogaáðs komu fram mörg sjónarmið um mikilvægi þess að auka fræðslu fyrir ungt fólk á sviði fjármála. Stefnumbreytingin er því gerð til að koma til móts við kröfur þessar.

Nýtt: Ábyrgð fjölmiðla

- Fjölmiðlar /fjórða valdið ber samfélagslega ábyrgð á því að fjalla um hagsmuni og stöðu ungs fólks og barna á jafnt við aðra hópa.
- Vakinn er athygli á hversu hlutfallslega lítið pláss ungt fólk fær í fjölmiðlum.
- Fjölmiðlar hafa vald til að breyta því og vinna gegn aldursfordómum með því að tryggja þátttöku ungs fólks í umræðunni - sér í lagi þegar málefni varða hagsmuni ungs fólks.

Tillaga 4: Sterk ungmennafélög	Tillaga lögð fram af: stjórn
Núgildandi	Ný drög

<p>4. STERK UNGMENNAFÉLÖG</p> <p>4.1. Jafnræði fjáruhlutana 4.2. Ungmennastjórnir 4.3. Samstarf hagsmunaaðila</p> <p>(sjá nógildandi stefnu)</p>	<p>3. STERK UNGMENNAFÉLÖG</p> <p>3.1. Jafnræði fjáruhlutana 3.2. Ungmennastjórnir 3.3. Heildarmálsvari</p>
<p>Útskýring: Um er að ræða litlar efnislegar breytingar á kaflanum <i>Sterk ungmennafélög</i>. Lagt til breytingar á kafla <i>Heildarmálsvari</i> og þá helst að nafninu til, sem verður <i>Heildarmálsvari</i>. Hér er litið til samstarfs LUF við félagsmálaráðuneytið þegar kemur að samráði við ungt fólk - þá verður leiðtogaráð LUF hugsað sem heildarmálsvari ungs fólks gagnvart stjórnvöldum.</p>	

Tillaga 5: Sterk ungmennafélög	Tillaga lögð fram af: stjórn
<p>Nógildandi</p>	<p>Ný drög</p>
<p>(sjá nógildandi stefnu)</p>	<p>4. ALÞJÓÐAMÁL</p> <p>4.1. Sjálfbær þróun 4.2. Þróunarsamvinna 4.3. Evrópusamstarf</p>

Útskýring: Lagt er til að bæta við kaflanum *Alþjóðamál*. Er það við hæfi að LUF hafi stefnu í alþjóðamálum þar sem mikill þungi starfseminu fer í málaflokkinn. Hér er einnig verið að mæta alþjóðlegum skuldbindingum LUF. Með þessu vill stjórn þá innleiða stefnu í reglubundinni starfsemi félagsins en frá stofnun hefur Alþjóðafulltrúi skipað sæti í stjórn LUF sem hefur á seinustu árum leitt Alþjóðanefnd LUF, skipuð fulltrúum Leiðtogaráðs. Þá er mikilvægt að LUF myndi sér stefnu í alþjóðasamstarfi jafnt þegar kemur að Evrópustarfi og Sendinefnd LUF hjá SP.

Sjálfbær þróun: Þessi kafli er færður úr kafla um *Þátttöku ungs fólks* en telur stjórn hann eigi betur heima undir kafla um *Alþjóðamál*. Innihald kaflans helst óbreytt frá fyrra horfi, nema með viðbættum á nýjum ályktunum Öruggráðs SP um ungt fólk, frið og öryggi sem og, stefnu LUF þegar kemur að aðkomu ungs fólks að stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi SP - sem er gert með því að kjósa lýðræðislega ungmennafulltrúa á mismunandi málefnasviðum sem mynda Sendinefnd LUF hjá SP.

Þróunarsamvinna: Hér er nýjum kafla bætt við til að standa við skuldbindingar LUF gagnvart samningi við utanríkisráðuneytið um að miðla fræðslu um þróunarmál til ungs fólks. Hér er einnig lögð áhersla á kröfu LUF um að ungt fólk taki þátt í þróunarsamvinnu

og friðargæslu - í ljósi þess að heimsmarkmiðin hafa mest áhrif á ungt fólk og að við þurfum að bera þungan af efnahagskreppum, stríði, sárafátækt og misskiptingu auðs á heimsvísu. Auk þess hafa systursamtök LUF í nágrannaríkunum lengi lagt áherslu á og unnið mikið starf þegar kemur að alþjóðlegum öryggismálum og þróunarsamvinnu. LUF sem „National Youth Council of Iceland“ þarf að standa undir nafni og láta sig varða réttindi ungs fólks um allan heim - þar sem ungt fólk undir 26 ára aldri er meiri en helmingur jarðarbúa og ætti því samkvæmt að hafa mest um það að segja hvernig heimurinn á að þróast. LUF horfir einnig til þess að undir LUF falla félög sem leggja áherslu á málaflökka sem heyra undir þróunarstarf.

Evrópusamstarf: Stjórn þykir tímabært að LUF móti stefnu í hlutverki sínu á Evrópuvettvangi. LUF er aðili að Norðurlanda- og Eyrstrasaltsríkjasamstarfinu (*e. Nordic Baltic Cooperation - NBC*). Auk þess að vera í mjög nánun alþjóðlegu samstarfi við nágrannaríkin er LUF jafnframt aðili að Evrópska ungmennavettvanginum (*e. European Youth Forum - YFJ*): valdamestu alþjóðlegu regnhlífasamtökum ungs fólks í heiminum.

- Rækja skyldur sínar í Evrópusamstarfi
- Ísland þrýsti á stjórnvöld um að framfylgja þeim sáttmálum sem Evrópuráðið hefur sett sér.
- LUF gegni upplýsingaskyldu gagnvart báðum aðildum.
- LUF leggji áherslu á þá málaflökka sem Ísland myndar sérstöðu í
- LUF tryggji málsvara í þeim málefnum snerta íslensk ungmenni (eyríki, utan þéttbýlis ofl.)

Til umræðu og samþykktar: GF opnar fyrir umræðu óskar eftir tillögum.

8.1. Fulltrúi AUS ber upp tillögu að því að bæta við í stefnu tengdri starfsemi félaga á borð við AUS. Í því samhengi benti TI á stefnu 3.1 Jafnræði fjáruhlutana og tillögu að aukinni áherslu á alþjóðamál með tillögu að kafla 4.

8.2. Fulltrúi ungmennaráðs Þroskahjálpar fagnar tillögu um breytingu á kaflanum *kynjajafnrétti í jafnrétti* sem sé mikill styrkur fyrir ungmennaráð Þroskahjálpar, þar sem víðari skilgreining á stefnunni gefi hvers konar jafnréttisbaráttu aukið vægi.

8.3. Fulltrúi Ungra fjárfesta fagnar tillögu að kafla um *fjármálalæsi* sem sé í takt við áherslur Ungra fjárfesta. Hann vekur athygli á því að fjármálalæsi sé almennt ábótavant og því mikið hagsmunamál fyrir ungt fólk til að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði.

Leiðtogarád LUF lýsir almennt yfir ánægju með tillögur stjórnar. GF lokar fyrir umræðu þar sem ekki bærust fleiri tillögur eða athugasemir. GF ber drög að endurnýjaðri stefnu upp til samþykktar og eru tillögur stjórnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Það þýðir að leiðtogarád veitir stjórn og skrifstofu LUF heimild til þess að halda stefnumótunarsvinnunni áfram með umræddum breytingatillögum.

Lokadrög verða send út með þinggögnum fyrir sambandsþing 2021.

Staða helstu verkefna: Í fjarveru forseta er TI boðið upp í pontu til að kynna stöðu verkefna [framkvæmdaáætlunar](#) stjórnar til upplýsinga:

1.) Halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega	11/24	11.) Rekstur Leiðtogaskóla	Í vinnslu
2.) Halda fjóra leiðtogaráðsfundi á starfstímabilinu	2/4	12.) Halda skuggaþing	Frestað v. Covid-19
3.) Halda sambandsþing	Í lok feb 2021	13.) Fjármagna rannsóknir um sjálfstæði ungs fólks	Tókst ekki
4.) Fylgja eftir endurskoðun á Æskulýðslögum	Í vinnslu	14.) Berjast fyrir jafnræði fjárúthlutana	Í vinnslu
5.) Vinna heilstæða stefnu í málaflokknum	Í vinnslu	15.) Halda Félaga ársins 2020	Í vinnslu
6.) Berjast fyrir félagafrelsi ungmenna	Í vinnslu	16.) Útgáfa verkfærakistu	Lokið
7.) Móta samráðsvettvang í samstarfi við félagsmálaráðuneytið	Í vinnslu	17.) Þarfagreina starfsemi ungmennafélaga utan höfuðborgarsvæðis	Lokið
8.) Endurnýja stefnu LUF, móta vinnuáætlun og leggja grunn að þróunaráætlun	Í vinnslu	18.) Móta sjálfbærnistefnu LUF	Í vinnslu
9.) Þróa #ÉgKýs áfram	Í vinnslu	19.) Fullskipa sendinefnd íslenskra ungmenna hjá Sameinuðu þjóðunum	Í vinnslu
10.) Lækkun kosningaaldurs	Í vinnslu	20.) Fylgja eftir tillögum um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika	Lokið

Til upplýsinga: GF opnar fyrir umræður og TI óskar eftir tillögum að útfærslu á sjálfbærnisstefnu LUF. Fulltrúi AUS og UAK leggja til að stefnan verði sjálfstætt plagg sem félögin geti nýtt sér. TI upplýsir að verið sé að skoða möguleikann á því að samræma sjálfbærnistefnuna inn í [Siðareglur LUF](#).

- 8. Önnur mál:** GF gefur fulltrúum ráðsins færi á að bera upp önnur mál á dagskrá.
- 8.1.** Fulltrúi JCI vekur athygli á verkefninu „Framúrskarandi ungir Íslendingar“, opið fyrir tilnefningar og er ráðið hvatt til að upplýsa félagsmenn sína. TI lagði til að auglýsa verkefnið á heimasíðu LUF.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:53
HVS ritaði fundinargerð*